

122

27. des.

L Ö G

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út
nýja flokka bankavaxtabréfa.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt
að 12 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra,
er fyrst kemur til framkvæmda, 11. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áfram-
haldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum
flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heim-
ilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi
vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur vera stærri en 5 milljónir
króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf),
en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um
lögum, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Fjármálaráðherra og bankastjórn-
ar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri,
er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal
trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan
er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra stað-
festir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfun-

um og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. **122**

27. des.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hættu búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skirteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

122

27. des.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjalddaga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengið. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki váttryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $\frac{1}{2}\%$ á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar

uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu. 122
27. des.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir húið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

122

27. des.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framfar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánsstofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttarar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflazt.

25. gr.

122

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. 27. des.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 27. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

123

um gelding húsdýra.

27. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gelding húsdýra, sem eldri eru en veturgömul, skal framkvæmd af dýralæknum eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá héraðslækni eða dýralækni sanna, að þeir hafi lært að fara með staðdeyfingarlyf eða svæfingarlyf og aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem nauðsynleg er til að inna verk-ið vel af hendi.

2. gr.

Sýslunefndir sjá um, að nægilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu og setur þeim skipunarbréf, er gefur rétt til starfa innan sýslu, en eigi annarsstaðar. Ákvæði þetta skerðir þó eigi réttindi skipaðra dýralækna.

3. gr.

Þóknun fyrir verk sitt ber geldingamönnum, öðrum en dýralæknum, samkvæmt gjaldskrá, er sýslunefndir setja, hver fyrir sína sýslu.